



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

Ársskýrsla
Menntaskóla Borgarfjarðar
árið 2024

Inngangur

Í ársskýrslu Menntaskóla Borgarfjarðar (MB) er farið yfir helstu þætti skólastarfs á liðnu ári. Skólaárið 2024 gekk vel að leyti. Innleiðing skólaþróunarverkefnis skólans stendur yfir og unnið jafnt og þétt að uppfærslu kennslu áfanga í STÍM og Lífsnámi. Mikil ánægja er með Kvikú – skapandi rými sem er orðin miðja skólastarfs, þar sem kennd er áfangakeðjan STÍM en einnig nýta nemendur aðstöðuna til annarrar vinnu í áföngum og frítíma. Almennt má segja að starf skólans hafi gengið vel, áskoranir er fjöldi nemenda í þriðja þreps áföngum en ákveðin fjölgun nemenda í fjarnámi í þeim áföngum hefur verið góð viðbót og skapað þær aðstæður að hægt er að halda þeirri kennslu úti. Áfram fjölgaði nemendum við skólann. Fjölgun hefur orðið bæði í hóp staðnema og fjarnema og hlutfall fjarnema svipað og síðasta ár. Nærri 14% nemendaígilda við skólann eru fjarnemaígildi

Áherslur og meginsvið

Það sem Menntaskóli Borgarfjarðar telur sig hafa sérstöðu í og leitast við að viðhafa er að leggja áherslu á jákvæðan lífsstíl og andlegt heilbrigði með persónulegri þjónustu við nemendur. Að skipulag náms sé fjölbreytt, einstaklingsbundið og sveigjanlegt. Skólinn hefur frá stofnun verið í fararbroddi hvað varðar námsmat og endurgjöf til nemenda og að nemendur vinni lokaverkefni út frá áhugasviði og geti skilað vinnu sinni með fjölbreyttum hætti.

Formleg annarpróf eru ekki til staðar. Leiðsagnarmat er notað við námsmat í öllum áföngum. Nemendur fá endurgjöf á nám og vinnu á fimm vikna fresti á svokölluðum vörðum. Einkunnarorð MB eru; Sjálfstæði – Færni – Framfarir og kristallast viðhorf vinnunnar í skólanum í þessum kjörorðum. MB leggur áherslu á að efla sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun meðal nemenda og þeir markvisst þjálfadur í þekkingarleit og þannig efla nemendur sem einstaklinga.

Þau sem útskrifast með stúdentspróf frá Menntaskóla Borgarfjarðar hafa öðlast þekkingu og leikni á því fagsviði sem þau velja sér en einnig hæfni sem nýtist þeim í áframhaldandi námi og í lífinu almennt. Nýjasta viðbótin að því markmiði eru STEAM áfangar skólans, lífsnámsáfangar og þjálfun í stafrænni hönnun og miðlun.

Innihald STEAM náms byggir á verkefnum og aðferðum sem samþætta vísindi, tækni, verkfræði, skapandi greinar og stærðfræði. Mikil áhersla er lögð á skilning nemenda á samspili vísinda, tækni, verkfræði, skapandi vinnu og stærðfræði í allri framþróun og nýsköpun í atvinnulífi og samfélagi. Lögð er áhersla á tengingu við atvinnu- og menningarlíf.

Stafræn hönnun og miðlun er áhersla innan allra áfanga skólans. Með verkefnavinnu þjálfar nemendur hæfni í að miðla hugmyndum sínum og þekkingu á faglegan og ábyrgan hátt í gegnum ólíka stafræna miðla.

Í skólanum er Kvikú – skapandi rými sem að er náms- og kennslurými fyrir fjölbreytta og skapandi vinnu í öllum áföngum skólans. Nemendur og starfsfólk getur nýtt sér

aðgang að tækjum og hugbúnaði sem gagnast í verklegri kennslu í öllum greinum ásamt þjálfun í stafrænni hönnun og miðlun.

Í Kvikunni er að finna mynd- og hljóðver þar sem hægt að er að taka upp, vinna myndbönd og hljóð og ganga frá stafrænu efni á faglegan hátt.

Einnig hýsir Kvikun opið fjölnota rými sem styður við nýsköpun og þróun frumgerða á hugmyndum með því að bjóða aðgang að verkfærum eins og þrívíddarprenturum, laser skerum, vinyl skerum, pressum og saumavélum og rými til listsköpunar.

Menntaskóli Borgarfjarðar hefur löngum verið þekktur fyrir að vera sveigjanlegur og framsækinn skóli sem býður upp á eflandi námsumhverfi fyrir ungt fólk og í samvinnu við ungt fólk.

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna

Menntaskóli Borgarfjarðar er með samning við Borgarbyggð um leigu á 1890 fm húsnæði í Hjálmakletti að Borgarbraut 54, 310 Borgarnesi. Aðstaða skólans nær yfir átta kennslustofur, stjórnunarrými, aðstöðu fyrir kennara, mótuneyti, opin rými og félagsaðstöðu fyrir nemendur. Skólinn hefur aðgang að tónlistar- og ráðstefnusal Borgarbyggðar í sama húsnæði. Íþróttakennsla fer fram í íþróttamiðstöðinni í Borgarnesi.

Nemendur

Á vorönn 2024 voru 181 nemendur, 82 drengir og 99 stúlkur. Á haustönn 2024 innrituðust 203 nemendur, 97 drengir og 106 stúlkur. Meðaltalsfjöldi nemenda á vorönn og haustönn var því 192.

Tafla 1 Fjöldi nemenda eftir kyni

	Vorönn 2024	Haustönn 2024
Fjöldi nemenda	181	203
Stúlkur	99 (55%)	106 (52%)
Drengir	82 (45%)	97 (48%)

Tafla 2 og 3 sýna hvernig nemendur skiptust eftir búsetu og aldri á vor- og haustönn. Flestir nemendur skólans koma úr Borgarbyggð.

Tafla 2 Búseta nemenda

Lögheimili	Vorönn 2024	Haustönn 2024
Borgarbyggð	59%	58%
Vesturland	13%	15%
Utan Vesturlands	28%	27%

Tafla 3 Aldur nemenda

Fæðingarár	Vorönn 2024	Haustönn 2024
2009		3%
2008	4%	20%
2007	27%	23%
2006	19%	20%
2005	15%	6%
2004	9%	7%
2003	6%	4%
Fyrir 2003	20%	17%

Brottfall MB er skilgreint sem það hlutfall nemenda sem hefur nám við skólann í upphafi annar og hættir áður en önn lýkur. Brottfall nemenda árið 2023 var 3,5%.

Námsframboð og skipting nemenda á brautir er sett fram í töflu 4.

Tafla 4 Námsframboð og skipting nemenda á brautir

Námsframboð	Skipting á brautir á vorönn 2024	Skipting nemenda á brautir á haustönn 2024
Félagsfræðabraut	29	33
Íþróttfræðibraut	8	17
Íþróttabraut – félagsfræðasvið	2	0
Náttúrufræðibraut	22	24
Íþróttabraut – náttúrufræðisvið	2	0
Náttúrufræðibraut-búfræðisvið	9	18
Framhaldsskólabraut	9	6
Starfsbraut	6	10
Opin braut	90	94
Viðbótarnám til stúdentsprófs	4	1
Alls	181	203

Starfsfólk

Á árinu 2024 starfaði að meðaltali 23 starfsmaður hjá félaginu í 19,6 stöðugildum og námu laun og launatengd gjöld 276.9 m.kr. Af þeirri fjárhæð voru rúmar 2,3 m. kr. greiddar til stjórnarsetu í stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar.

Við skólann starfa skólameistari, aðstoðarskólameistari, kennarar, umsjónarmaður starfsbrautar, stuðningsfulltrúi, félagsmálafulltrúi, námsráðgjafi, skólafulltrúi, verkefnastjóri skólaþróunar, matráður og ræstítæknir. Breytingar urðu á starfsmannamálum, nokkrir hættu störfum og aðrir komu í staðinn. Einstaka stundakennarar störfuðu við MB á árinu.

Tafla 5 Skipting kennarahópsins eftir aldri, kyni og starfshlutfalli árið 2024

Aldur í árum	í fullu starfi		í hlutastarfi	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
20-29		3		1
30-39	2			
40-49	1		2	1
50-59		2	1	2
60-69				1
Samtals	3	5	4	5

Tafla 6 Menntun kennara

Menntun kennara	Fjöldi
PhD próf	1
MA/MSc/MEd	6
BA/BSc/BEEd	10

Framkvæmd markmiða

Helstu markmið skólasamnings

Ávallt er leitast við að efla gæði kennslu í MB með að styrkja þekkingu kennara í formi fyrirlestra og endurmenntunar. Sérstaklega var litið til endurmenntunar í þáttum sem að koma fram í tillögum til skólaþróunar. Eins var mikil áhersla lögð á að auka þekkingu á fjölbreyttu námsmáti. Árangur í skólastarfi var áfram mældur með kennslumáti og með gæðagreinum. Skólapúlsinn er hluti af reglulegu innra máti. Það er ýmislegt úr niðurstöðum sem kemur jákvætt út fyrir MB en annað er umhugsunarvert. Sjálfsmatsskýrslur má nálgast á heimasíðu skólans og er það mjög góð samantekt á því hvernig skólanum tekst að framfylgja sínum markmiðum.

Nemendagarðar

Rekstur nemendagarða gekk með ágætum. Nýting Nemendagarða var 100% á vorönn og 100% á haustönn. Húsnæðið var leigt út til ferðaþjónustuaðila yfir sumartímann þannig að leigutekjur dattu ekki niður. Vegna sívaxandi eftirspurnar á leiguhúsnæði fyrir nemendur við skólann hefur MB leitt vinnu við að leita leiða til að slíkt húsnæði sé í boði fyrir nemendur skólans. Samvinna hefur verið með ágætum og í lok árs 2024 var stofnað félagið Nemendagarðar hses sem er í eigu MB og sveitarfélagsins Borgarbyggðar. Til stendur að taka í notkun 12 íbúðir til leigu fyrir nemendur árið 2026.

Kennsluhættir og námsmat

Kennsla var með hefðbundnum hætti á árinu 2024. Kennarar skólans eru vel menntaðir og fastráðnir kennarar eru allir réttindakennarar.

Skólinn býður upp á nám á fjórum brautum til stúdentsprófs, náttúrufræðibraut, félagsfræðabraut, íþróttufræðibraut og opinni braut. Nemendur geta svo valið um félagsfræðasvið eða náttúrufræðisvið á íþróttufræðibraut auk búfræðisviðs á náttúrufræðibraut. Skólinn býður einnig upp á viðbótarnám til stúdentsprófs, framhaldsskólabraut og starfsbraut. Haustið 2022 tóku í gildi nýjar og endurbættar brautir en enn er verið að kenna eftir eldri námsbrautum að hluta til. Nemendur af eldri brautum útskrifuðust vorið 2024. Skólinn leggur mikla áherslu á verkefnavinnu og persónuleg tengsl við nemendur.

Námsmat í MB byggist fyrst og fremst á leiðsagnarmati en formleg annarpróf í lok anna eru ekki til staðar. Vinna nemenda er metin jafnóðum allan námstímann. Megintilgangur leiðsagnarmats er að gera nemendur meðvitaða um það sem þeir læra, hvernig þeir læra og hvað er ætlast til af þeim. Leiðsagnarmat byggist því á góðri endurgjöf frá kennurum sem nemendur geta nýtt sér til að verða meðvitaðir um eigin námsframvindu. Kennari veitir hverjum nemanda um sig almenna umsögn og leiðbeiningar um gengi nemandans í áfanganum á svokölluðum vörðum, eða með öðrum sambærilegum hætti, án þess að einkunn fylgi með. Vörður eru tvisvar á önn.

Stjórnun

Á árinu 2024 kom Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson nýr inn í stjórn og tók við stöðu stjórnarformanns. Aðrir í stjórn voru Bjarki Þór Grönfeldt, Flosi Hrafn Sigurðsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir og Sigursteinn Sigurðsson. Skólanefnd Menntaskóla Borgarfjarðar skipa sömu einstaklingar og sitja í stjórn skólans en að auki sitja þar fulltrúi foreldra Elín Friðriksdóttir, fulltrúi nemenda Ernir Daði Arnbergs, fulltrúi kennara Elín Kristjánsdóttir og sitjandi skólameistari. Foreldraráð starfar við skólann og var kosin ný stjórn á haustdögum. Foreldraráð skipa þær Elín Friðriksdóttir, Svala Svavarsdóttir og Hrefna Ásgeirsdóttir. Stjórn nemendafélags skólans skipa frá hausti Ernir Daði Arnberg Sigurðsson, Jónas Bjarki Reynisson gjaldkeri, Marta Lukka ritari, Grétar Jónatan Pálmason skemmtanastjóri og Eiríkur Frímánn Jónsson meðstjórnandi. Skólaráð skipa auk skólameistara og aðstoðarskólameistara, Ernir Daði Arnberg Sigurðsson nemandi, Marta Lukka nemandi, Kristján G. Arngrímsson kennari og Elín Kristjánsdóttir kennari.

Rekstur og fjármál

Tekjur skólans á árinu 2024 stóðu ekki undir rekstri og var nokkurt tap. Vísað er hér í ársreikning 2024. Aðstaða til náms og kennslu er mjög góð.

Borgarnesi í mars 2025

Bragi Þór Svavarsson